

INNBRÖT Á HEIMILI - gátlisti

Gátlisti þessi er verkfæri fyrir íbúa til þess að auka öryggi eigna sinna. Í gátlistanum er finna upplýsingar um hvað ber að hafa í huga þegar kemur að öryggisvitund, vörnum og viðbrögðum vegna innbrota í heimili.

Öryggisvitund

Flest innbrot á höfuðborgarsvæðinu eru „tækifærisbrot“ þ.e. þegar einstaklingur gengur fram á aðstæður sem hann/hún metur sem tækifæri til að nálgast vermæti með því að brjótast inn.

Slík tækifæri geta verið opinn gluggi, ólæst hurð, sýnileg vermæti eða merki um að ekki sé nægilega hugað að öryggi á heimilinu.

Gott er að senda sterk skilaboð um að öryggi sé tekið alvarlega á þínu heimili til dæmis með snyrtilegu umhverfi, traustum hurðum og gluggum, góðri lýsingu og svo framvegis

Með þessu verða til skýr skilaboð sem hugsanlegir innbrotspjófar taka til sín sem eykur enn líkurnar á að viðkomandi hætti við innbrotstílaun.

Forvarnir

- ☐ Ræða um innbrotavarnir á heimilinu
- ☐ Hvernig á að bregðast við grunsamlegri umferð eða hegðun
- ☐ Ræða reglulega um öryggismál á heimilinu
- ☐ Ganga úr skugga um að útidyrhurðir og gluggar á jarðhæð og kjallara séu læst.
- ☐ Ganga úr skugga um að vermæti heimilisins eins og til dæmis tölvur með myndum, erfðagripir eða aðrir hlutir sem erfitt er að bæta, séu utan sjónlínu þeirra sem horfa inn.
- ☐ Gott er að gæta þess að helstu vermæti heimilisins eins og tölvur með myndum, erfðagripir eða aðrir hlutir sem erfitt er að bæta, séu geymd á öruggum stað, til dæmis í læstum skápum.
- ☐ Það kemur sér vel að skrá raðnúmer dýrustu hluta heimilisins eins og flatskjái, tölvur eða rafhjól.
- ☐ Innbrota- og myndavélakerfi eða snjallvöktun með myndamyndavél.
- ☐ Nágrannavarsla hefur gefist vel á undanförunum árum. Það felst í því að traustir nágrannar sammælast um gagnkvæma vöktun á heimili hvors annars?

Rannsóknir sýna að auknar líkur eru á innbroti ef heimili er með:

Opna glugga | Ótraustar hurðir | Uppsafnað sorp | Áberandi litla umgengni | Óhirtan gróður | Ónóga lýsingu

INNBROTALAUKURINN

Sendir þú skýr skilaboð til innbrotsþjófa um að erfitt verði að brjótast inn hjá þér?

Grundvallaratriði afbrotavarna s.s. innbrota

(e. Deter → Detect → Delay → Deny → Defend/Respond)

